

## Hverfisráð Hríseyjar

54. fundur.

Mánudaginn 31. janúar 2011 kl. 15:00 var 54. fundur í Hverfisráði Hríseyjar haldinn í Hlein  
Mætt voru: Kristinn F. Árnason, Pröstur Jóhannsson og Guðrún Þorbjarnardóttir.

### **Fundarefni: Heilsugæslumál, ýmis málefni Hríseyjar og undirbúningur fyrir fund með bæjarráði Akureyrarkaupstaðar 3. febrúar nk.**

**Heilsugæslumál:** Ekkert hefur þokast í samkomulagsátt varðandi það að halda upp hér lánmarksþjónustu með það að lækni haldi áfram að koma hingað. Málið er í vinnslu hjá bæjaryfirvöldum og hefur Margét Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri verið í viðræðum við Heilbrigðisráðuneytið en lítið hefur fengist úr þeim viðræðum og eins það að reyna að ná einhverri bráðbirgðalausn að hálfu Heilsugæslustöðvar Dalvíkur ekki verið árangursrík. Læknir kemur ekki framvegis hingað til Hríseyjar frá og með 1. feb. nk.

**Ýmis málefni Hríseyjar:** Ýmsar umræður um ýmis málefni eyjarinnar voru til umræðu. En það nýjasta er að nú hefur hausapurrkuninni verið lokað þar sem 3 störf voru í boði. Þannig að atvinnumál hér í eyjunni eru nú orðin frekar rýr, líka þar sem mikil óvissa er með málefni Nordurskeljar ehf. sem óskaði eftir greiðlustöðvun fyrir áramót. Ýmsar hugmyndir voru ræddar m.a. um það að nýta Hlein sem tímabundna vistun fyrir fatlaða á ársgrundvelli í anda þess sem Björn Eiríksson hefur starfrækt í einkaframkvæmd mörg undanfarin ár sem sumarbúðir fyrir fatlaða í Hafnarvík. Einnig hvort hagkvæmt sé að rekstur Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar sé útvistaður á forræði heimamanna. Er hægt að gera meira með Hvönnina og að hún sé meira unnin hér í Hrísey og svo þetta sem byggðarlagið stendur og fellur það eru kvótamálin. Hundrað og tvö tonn af byggðakvótanum kom í hlut byggðalagsins og væri það mikil lyftistöng fyrir samfélagið ef 100 tonn kæmu til viðbótar.

### **Úthlutunarreglur um byggðakvóta.**

*Lagt var fyrir bæjarráð þann 6. janúar sl bréf dagsett 22. des. 2010 frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu varðandi úthlutun á byggðakvóta 2010/2011. Eins það að ef sveitarfélagið vill setja sérstök skilyrði varðandi úthlutun á kvótanum skal því skilað eigi síðar en 18. janúar 2011 til ráðuneytisins.*

Þar sem tveir af þremur nefndarmönnum teljast vanhæfir til þess að álykta um þessi málefni þá hefur formaður verið í sambandi við Dagnýju Harðardóttur skrifstofustjóra Ráðhúss sem hefur þessar úthlutunarreglur á sínu borði fyrir hönd sveitarfélagsins. Nefndarmenn sjá því ekki ástæðu til að hverfisráð álykti sérstaklega um þessi málefni þar sem sátt ríkir á milli þeirra útgerðaraðila sem eiga rétt á úthlutuðum kvóta. Reglurnar verða svo kynntar þegar ráðuneytið hefur samþykkt þær.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.

Kristinn Árnason formaður  
Pröstur Jóhannsson  
Guðrún Þorbjarnardóttir.

